



Gígar í ísilögðu yfirborði

ESP_035189_2240



HIGH RESOLUTION IMAGING
SCIENCE EXPERIMENT
U.A. HIRISE.ORG/IS



Litlir árekstragígar hafa venjulega einfalda skálarlögun en ef yfirborðið er óvenjulegt geta flóknari form stundum myndast. Gígurinn á miðri HiRISE myndinni er óvenjulegur, því milli ytri brúnarinnar og innri barmanna er breiður, flatur stallur sem lætur hann líta nokkurn veginn út eins og skotmark. Gígar geta orðið þannig í laginu ef efnið undir yfirborðinu breytist úr mjúku í stökkt. Í þessu tilviki sýna stallarnir þessa breytingu. Á svæðinu sem þessi mynd nær yfir höfum við aðrar ástæður til að gruna, að efra efnið sé að mestu leyti ís.